



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Dalskóli

2026 – 2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	11
4. Starfspróunarsamtöl.....	15
5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	15
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
7. Foreldrasamstarf	17
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
9. Fylgiskjöl:	20
9.1 Innra mat deilda 2025-2026	20
9.1.1 Innra mat - Fífudalur og Mosadalur.....	20
9.1.2 Innra mat – Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg	22
9.1.3 Innra mat – Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur	22
9.2 Umbótaáætlun deilda 2026-2027	23
9.2.1 Umbótaáætlun Móa. Fífudalur og Mosadalur.....	23
9.2.2 Umbótaáætlun Dal – Álfabjörg, Vættabjörg og Tröllabjörg	26
9.2.3 Umbótaáætlun Dal – Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur	28
9.3 Umsögn foreldraráðs	31





Leiðarljós leikskólans

„Hamingjan er ferðalag,, og er skapandi starf okkar rauði þráður í gegnum alla vinnu með börnum.

1. Greinargerð leikskólastjóra

Dalskóli leikskólahluti vinnur með hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem skapandi starf er í hávegum haft. Auk þess er áhersla á útinám barnanna. Mikil áhersla er lögð á skráningar eða persónumöppu sem hvert barn byrjar að safna í frá fyrsta leikskóladegi.

Eins og alltaf biðu okkar hinar ýmsu áskoranir og verkefni sem þurfti að takast á við með ýmsum hætti. Áherslur okkar eru að hlúa að öllum einstaklingum í skólanum. Við leggjum okkur fram um að hlúa að velferð hvers barns í samvinnu við foreldra og forsjáraðila. Starfsemi leikskólans byggist á lýðræðislegum vinnubrögðum og við höfum það að leiðarljósi að börnin njóti virkrar þátttöku í eigin leik og námi. Samfélagsleg ábyrgð, sjálfbærni og jákvæð samskipti eru einnig leiðarljós í daglegu starfi. Mikilvægt er að starfið taki mið af fjölbreytilegum barnahóp. Leikskólinn og grunnskólinn voru aðskildir á árinu og hefur sú vinna gengið vel. Þrátt fyrir þetta vinnum við þétt saman og allt samstarf sem hefur verið byggt upp undanfarin ár hefur haldist og ný samvinna einnig bæst við á árinu. Þar má nefna að 6. bekkur hefur komið reglulega í heimsókn, lesið fyrir 4 og 5 ára, komið í útiveru og leikið við börnin. Leiklistarvalið í unglingadeildinni hefur boðið börnunum á tvær sýningar sem þau hafa sett upp. Þetta er farsælt samstarf sem við viljum byggja áfram á í framtíðinni.

Verkefnin okkar voru mörg og skemmtileg allan veturinn. Sem betur fer gekk ýmislegt eftir sem við höfðum áætlað í síðustu starfsáætlun og endurmati. Smiðjuvinnan okkar gekk vel í vetur og var mikið um áhugaverðar og skemmtilegar smiðjur í báðum húsum þar sem börnin nutu sín við að kafa dýpra í þau verkefni sem fönguðu áhugasvið þeirra. Þar sem ein 4 ára deild varð eftir í Dal, yngri barna húsinu, í ár unnu 4 ára börnin saman í smiðju allan veturinn, fóru saman í ferðir og börnin í Dal komu tvisvar í viku yfir í Móa í tónlistarstundir. Þetta samstarf gekk mjög vel.

Að venju tóku elstu börnin þátt í Barnameningarhátíð. Hún tókst með miklum ágætum og vakti mikla athygli eins og alltaf. Börnin hafa unnið með hin ýmsu verkefni í takt við smiðjur vetrarins og alltaf er sama gleðin og metnaðurinn í kring um þá vinnu alla. Farið var á listasöfn og ýmsar ferðir í kringum smiðjurnar og vöktu þær ferðir lukku að vanda.





Við leggjum áherslu á markvisst innra mat þar sem reglulega er farið yfir starfsemi leikskólans með það að markmiði að efla gæði og þróa starfið í takt við þarfir barnanna og samfélagsins. Matinu er beitt til að greina styrkleika, finna tækifæri til umbóta og styðja við faglegt lærdómssamfélag.

Ytra mat er tekið alvarlega og nýtt sem tækifæri til að styrkja og efla faglegt starf. Við tókum virkan þátt í eftirfylgni og rýnum niðurstöður til að tryggja að við séum stöðugt að bæta okkur. Niðurstöður um stofnun ársins voru kynntar fyrir starfsfólki og munum við nýta þær inn í matið okkar fyrir næsta skólaár. Á næsta skólaári munum við leggja áherslu á lýðræði barna, að barnið sé virkur þátttakandi, að börn séu ekki bara móttakendur heldur hafi raunverulega rödd. Við munum tengja þetta við hugmyndafræði Reggio Emilia, þar sem raddir barna og lýðræðisleg þátttaka eru höfð að leiðarljósi. Í gegnum listasmiðjur. Með virkri hlustun fá börnin tækifæri til að kynnast réttindum sínum og tjá sig á fjölbreyttan hátt. Lögð er áhersla á að börn séu virkir borgarar sem hafi raunveruleg áhrif á nám sitt og umhverfi.

Við horfum björtum augum til framtíðar Dalskóla og verkefnanna fram undan.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Læsi og málörvun
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum, stjórnendafundum og deildarstjórafundum. Litið var til áherslna og markmiða Menntastefnu Reykjavíkur. Niðurstöður HLJÓM2 prófa bornar saman við niðurstöður síðustu ára.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi / sérkennslustjórar / deildarstjórar og starfsfólk á deildum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Síðastliðin ár vorum við seinar að taka Hljóm og var því byrjað fyrr þetta haustið að leggja fyrir Hljóm. Í kjölfarið voru settir niður hljóm hópar. Nú á vormánuðum er byrjað að skipuleggja fyrirlögn á bæði Hljóm2 og Efi í samræmi við LÆM sem stefnt er á að vinna eftir haustið 2026. Þrátt fyrir að mikil ánægja hafi verið með málörvunarpokana síðastliðið ár hafa þeir ekki verið nýttir eins mikið og við myndum vilja. Þarf að bæta það. Stefnt er á að hafa kynningu fyrir starfsfólk deilda í haust um hvað er í þessum pokum og hvernig er hægt að nýta þá sem best. Aukið var við að hafa reglur og viðmið í leik sjónræn. Sjónræn skilaboð voru höfð á svæðum til að efla umhverfislæsi hjá börnum og þau nýtt markvissar. Þó sjáum við fram á að geta gert enn betur og aukið við að hafa skilaboð sjónræn. Stefnt er á að nýta fræðslu frá MML en frekar, fá fræðslu um mikilvægi málörvunar, hvernig hægt er að sinna henni sem best inn í öllu starfi deildanna.





Hvað var matið?	Samstarf milli húsa
Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundum og deildarstjórafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi / sérkennslustjórar / deildarstjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Samstarf milli húsa var aukið í vetur og gekk vel. Fjögurra ára börnin úr Dal fóru yfir í Móa, í tónlistarstundir vikulega í allan vetur. En einnig fór fjögurra ára hópurinn úr báðum húsum saman í hinar ýmsu ferðir þvert á deildar, vann saman í smiðjum og fleira.</p> <p>Næsta skólaár þarf að huga að nýjum útfærslum í samvinnu milli húsa þar sem tengja þarf þriggja ára börnin við Móa.</p> <p>Undanfarin ár hafa skil á milli húsa ekki verið nægjanlega markviss og er búið að skerpa á því með eyðublaði sem deildarstjórar barnanna fylla út ásamt skilafundum. Þetta mun svo vera matið næsta haust.</p>

Hvað var matið?	Elstu börn leikskólans mat á leikskólastarfinu
Hvernig fór matið fram?	Tekið var viðtal við börnin og stuðst við Demanta aðferðina
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Börnin á leikskólanum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Börnin völdu 5 svæði sem þau röðuðu í 1-5 sæti.</p> <p>Listasmiðjan var númer 1, þar sem fram kom að skemmtilegt væri að leika með fuglinn í vinnustöðinni, því nú væri komið sumar. Einu sinni var það vetrarhús en ekki lengur. Þetta er svo flott. Líka skemmtilegt að leira og búa til músastigann. Það er svo gaman að vera í sandinum og bjóða Arndísi að borða, en það bara í þykjó. Gaman í listasmiðjunni að leika með rör og steina í sandinum. Við vorum líka að sigta salt fyrir Kristó í matinn, en við kunnum ekki að elda, við erum bara að gera svona í þykjustunni. Skemmtilegt að gera mömmumyndir, það er svo gaman.</p>





Smiðjurnar voru númer 2. Það sem er skemmtilegast við þær er að við vorum að fönðra svo mikið og fara í Hörpu, það var mjög gaman. Smiðjan var góð. Það var gaman á safninu, við skoðuðum beinagrind þar. Það var gaman. Við vorum að gera glaðasta hund í heimi, það var skemmtilegast að gera hausinn á honum og tennurnar, og við vorum öll saman.

Metið inni á deild. Það er skemmtilegast á Fífuldal að leika í húsinu í mömmó. Stundum leikum við að ömmurnar séu að koma í heimsókn og það er gaman. Margt skemmtilegt í leikskólanum, listasmiðjan er best. Það er líka skemmtilegt að leira og lita inni á deild og Gjótan er skemmtileg, þar erum við að byggja með kubbana. Inni á deild er gaman í hólakubbunum. Við leikum mikið. Ég á vini í leikskólanum og barnið telur upp krakkana. Hólakubbarnir, mjög gott, byggjum hús og líka mótorhjól. Einingarkubbarnir er gaman. Við erum að leika með brúðurnar og í hestaleik. Við látum hestana sofa á nóttinni. Smellukubbarnir eru skemmtilegir, byggjum hús með fólkinu og stundum fyrir bílana.

Númer 3 er Tónlist. Gaman í tónlist. Við erum að syngja með slæðurnar og spila á hljóðfæri. Það er gaman. Galdrapotturinn er svo skemmtilegur. Það kemur allskonar þar. Við spilum líka stundum fullt á skritin hljóðfæri.

Númer 4 Útivera. Gaman að róla og klifra og hitta systir sína. Sandkassinn að gera bakarí. Gróðurhúsið skemmtilegt. Gaman að lita og vökva og leika með steinana. Það er gaman að mála í gróðurhúsinu. Þar eru





	<p>jarðaber. Gróðurhúsið gaman að hafa leir maður hefur vatn og allskonar dót. Búa til pizzur og allskonar.</p> <p>Númer 5 er fataklefinn. Gott að fara í fataklefan, þá erum við að fara út. Fataklefinn er leiðinlegur, ég þarf alltaf að klæða mig í svo mörg föt. Stundum er skemmtilegt að hlaupa í fataklefanum.</p> <p>Gaman var að heyra að börnin voru jákvæð í garð leikskólans. Áhugavert verður að heyra skoðanir þeirra markvissar inn á deildum næsta vetur. Það verða hugmyndakassar inni á deildum sem hægt er að koma skoðunum sínum á framfæri í leikskólanum. Það verður gert mat eftir hverja smiðja næsta vetur. Í vor var gert mat eftir síðustu smiðjuna.</p> <p>Í viðtölunum kemur fram að það sé leiðinlegt sé að klæða sig svona mikið. Það er gott að taka umræðu um útiföt og hvað þarf að gera til að líða vel úti. Setjast niður og ræða hvort hægt sé að fá að sleppa einhverjum fötum og fleira sem kemur upp í þeirra huga varðandi fatnað og útiveru. Hvernig getum við gert það skemmtilegt að klæða sig.</p>
--	--

Hvað var matið?	Samráð og lausnateymi
Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundum og Deildarstjórafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar, sérkennslustjórar og stjórnendateymi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Gengið vel í vetur, meira öryggi hjá starfsfólki hvernig verklag í kringum fundina er. Ráðið var inn í snemmtæka íhlutun sem gafst vel. Starfið er í mótun hjá okkur og fer eftir samsetningu nemendahópsins. Það er endurskoðað á hverju hausti. Gekk þó erfiðlega að fá fagfólk til að sinna þessu.





Hvað var matið?	Reggio Emilia og lýðræði
Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundum, deildarstjórafundum og deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar, sérkennslustjórar, stjórnendateymi og starfsfólk deilda
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Að starfa í anda Reggio Emilia hefur gengið vel í vetur og má sjá það í gegnum smiðjuvinnu vetrarins. Á hverju hausti er kynning á Reggio Emilia fyrir nýtt starfsfólk og þá sem vilja upprifjun.</p> <p>Við þurfum að fara í þá vinnu að marka okkur leikfangastefnu sem tekur mið af því að við séum skóli sem starfar í anda Reggio Emilia, láta starfið flæða meira inn á deildarnar og nýta umhverfið betur sem þriðja kennarann.</p> <p>Dalskóli er menningarskóli og störfum við eftir menningarnámskrá Reykjavíkur. Mikið er farið á söfn og í heimsóknir hjá fyrirtækjum og stofnunum. Einnig er nærumhverfið nýtt vel.</p>

Ytra mat

Hvað var matið?	Stofnun ársins
Hvernig fór matið fram?	Könnun send rafrænt til starfsmanna
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Starfsfólk var að jafnaði ánægt.</p> <p>Starfsfólk er óánægt með tölvuaðstöðu og að í undirbúningsherbergjum séu ekki nægjanlega góð aðstaða. Kaupa þarf nýja skjái við tölvurnar sem eru orðnir gamlir, reyna að stúka einhver rými af sem hægt er að nota í undirbúning.</p> <p>Tengingar á milli húsa. Fólk vill kynnast betur, þó margir þekkest þá vantar upp á að fólk blandist meira saman. Blanda fólki saman milli húsa í matsteymi og Reggio Emilia</p>





	vinnu. Styrkja skemmtinefndina við að hafa viðburði þar sem fólk kynnist.
--	---

Hvað var matið?	Fagumhverfiskönnun skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar 2026
Hvernig fór matið fram?	Könnun send rafrænt til starfsmanna
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Könnunin kom mjög vel út, við erum að standa okkur vel og samráðin eru mjög langt komin hjá okkur. Í könnuninni komum við út yfir meðaltali í öllu nema því sem talið er upp hér að neðan og munum við vinna í að bæta það.</p> <p>Það sem við þurfum núna að einbeita okkur að er að kynna samráð og vinnulag þess fyrir foreldrum.</p> <p>Aðlaga starfið að fjölbreyttum þörfum og bakgrunni barna.</p> <p>Vinna með börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.</p> <p>Starfsfólk vill líka auka við tæknipækkingu.</p> <p>Námskeið og fræðsla um vinnu með börnum með fjölbreytilegan bakgrunn. Gera sérkennslustjórana sýnilegri einnig sem tengiliðir við fjölmenningu.</p>





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna. Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun/ sameiginleg sýn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stjórnun og sameiginleg sýn
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Festa fagfundi reglulega en þeir hafa dottið upp fyrir í vetur og bæta inn sameiginlegum deildarstjórafundum þar sem að allir deildarstjórar úr báðum húsum hittast. Bæta þarf upplýsingaflæði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fundartímar fyrir skólaárið séu ákveðnir strax að hausti og send fundarboð. Að fundarefni sé skipulagt vel svo hægt sé að eiga faglegt samtal um starfið og auka gæði leikskólastarfsins
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi skólaárs 2026, endurmetið í lok vorannar 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Starfsmannasamtöl og starfsmannakönnun á vorönn 2027. Metið reglulega á fundum yfir veturinn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Reglulegir fagfundir 5-6 yfir veturinn, sameiginlegir deildarstjórafundir 2-4 yfir veturinn. Vikulegir deildarstjórafundir í hvoru húsi og vikulegir stýrufundir.





Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis og menntastarf: Reggio Emilia og lýðræði barna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	<p>Styrkja Reggio Emilia þætti starfsins, m.a. bæta leikumhverfi barna. Sett sé leikfangastefna sem unnið er eftir og leikföng keypt inn í anda Reggio Emilia stefnunnar.</p> <p>Horft sé til áhuga barnanna í gegnum skapandi starf og efnivið, þar sem lögð sé áhersla á örvandi leikefni.</p> <p>Kynna sýn og stefnu skólans betur fyrir öllum, sérstaklega nýjum starfsmönnum, sbr. Menntastefnu Reykjavíkur sem leggur áherslu á fræðslu fyrir starfsfólk.</p> <p>Að raddir barnanna fái að njóta sín í skapandi efnivið.</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Á hverri deild verði einn starfsmaður ábyrgur ásamt deildarstjóra fyrir því að vera styðjandi við umhverfið. Funda einu sinni í mánuði með Arndísi verkefnastjóra um hvernig gangi, skiptast á hugmyndum og gera hugmyndabanka sem hægt sé að nýta. Fara með inn á deildarfundi þar sem allir geta tekið þátt í umræðu. Farið er yfir hvað sé verið að vinna með sem þriðja kennarann inni á deildum.</p> <p>Fræðsla um Barnasáttmálann þar sem lögð verði áhersla á lýðræði barna.</p>
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, deildarstjóri og verkefnastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi skólaárs 2026, endurmetið í lok vorannar 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Gera könnun á starfsdegi. Meta á fundum með ábyrgðaraðilum. Meta á deildarfundum. Taka viðtöl við börnin.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>Barnahópurinn nær dýpri og meiri samfellu í leik sem sýnir sig í aukinni vellíðan og vinnuró á deildum.</p> <p>Skapandi þættir og Reggio Emilia hugmyndafræðin eru sýnileg í dagskipulagi deildanna.</p> <p>Niðurstöður úr könnun á starfsdegi og viðtölum við börn staðfesta jákvæða þróun á leikumhverfinu.</p>
--	--

Mannauður/leikskólabragur-	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mannauður / leikskólabragur. Samvinna á milli deilda og húsa.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Bæta starfsaðstöðu, efla tækniþekkingu starfsfólks og dýpka tengsl og samstarf milli húsa (Dal og Móa).
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Uppfæra eða laga tölvuaðstöðu í undirbúningsherbergjum, halda sameiginlega viðburði/fagfundi þar sem fólk blandast, bjóða upp á tæknifræðslu/námskeið og viðburðir fyrir utan skóla.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjórar, verkefnastjórar og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og áætluð lok eru í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Nýta skipulagsdaga í vinnustofur og rýnifundi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Undirbúningsaðstaða mæti þörfum starfsfólks, starfsfólk lýsir meiri samheldni milli húsa og tölvunotkun/tækniþekking er virkari í starfinu. Inngilding allra innan starfsmannahópsins samanber menntastefnu





	Reykjavíkurborg. Áframhaldandi vinna í gátlista unnið að regnbogavottun skóla og stofnana.
--	--

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Innra mat
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Halda áfram að festa og dýpka þátttöku barna í innra mati (raddir barna) og samræma innra mat deilda. Halda áfram að vinna að sameiginlegri agastefnu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota Demanta-aðferðina reglulega, halda barnafundi til að kalla eftir mati þeirra á smiðjum og samræma rýni deildarstjóra á niðurstöðum ytra mats (Stofnun ársins o.fl.). Halda áfram að þróa faglegt samstarf um matstæki og skráningu. Reglulegir rýnihópar og samtali um fagmennsku. Festa fagfundi frá hausti fram á vor og vera með fyrir fram ákveðin verkefni/umræðuefni á fundunum. Fá deildarstjorateymi til að koma með hugmyndir að umræðuefnum.
Ábyrgð	Stjórnendateymi / deildarstjórar og sérkennslustjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og endurmetið í lok vorannar 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður í rýnihópum, viðtöl við börn, skráningar í verkefnaöppur, sjálfsmat starfsmanna og kannanir meðal foreldra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skráningar og myndræn matsgögn frá barnafundum liggja fyrir á öllum deildum og niðurstöður matsins sjást í breytingum á starfsháttum.





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl við deildarstjóra og verkefnastjóra fóru fram á vorönn og í kjölfarið voru tekin starfsþróunarsamtöl við aðra starfsmenn. Leikskólastjóri tók samtölin og fóru þau fram bæði í fundarherbergi í Dal og Móa. Þeim lauk öllum í byrjun maí. Þau voru tekin af leikskólastjóra.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027 byggð á umbótaáttum leikskólans fyrir árið (áherslum skólanámskrár, umbótaáætlana, menntastefnunnar og áherslur úr starfsþróunarsamtölum).

- Námskeið um Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna frá Barnaheill, með áherslu á lýðræði barna.
- Verkefnastjóri myndlistar Arndís Gísladóttir verður með fræðslu um Reggio Emilia og smiðjuvinnu fyrir allt nýtt starfsfólk og þá sem óska eftir upprifjun í upphafi skólaárs.
- Verkefnastjóri tónlistar Guðlaug Ásgeirsdóttir verður með fræðslu um mikilvægi tónlistar í starfi með börnum í upphafi skólaársins.
- Starfsfólk nýti sér námskeiðin hjá Miðju máls og læsis.
- Fræðsla um vinnu með börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- Námsferð í maí, þar verður námskeið um skráningar, opinn efnivið og útikennslu.
- Starfsþróunarsamtöl koma til með að fara fram á vormánuðum.
- Lögð sé áhersla á að starfsfólk sækji sér fræðslu varðandi málörvun, tónlist og Reggio Emilia.

Skipulag starfsdaga, námsferða og ráðstefna

Starfsdagar leikskólans eru skipulagðir með virkri áherslu á starfsþróun, faglegt samstarf og innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í takt við framtíðarsýn stefnunnar um kraftmikið skólastarf og samfélagslega breytingar er skipulaginu hagað svo:

Skipulagsdagar í maí eru nýttir til námsferðar erlendis. Sótt verður fræðsla um skapandi efnivið, útikennslu og skráningaraðferðir. Þetta styður beint við áherslur menntastefnunnar um lýðræði, tjáningu og virka hlutdeild barna í eigin námi í gegnum hugmyndafræði Reggio Emilia. Námsferðin og sameiginlegir starfsdagar vetrarins eru mikilvægur liður í því að tengja saman starfsfólk þvert á hús og deildir. Með því er byggt upp faglegt lærdómssamfélag og stuðlað að inngildingum allra innan starfsmannahópsins. Skipulagsdagar vetrarins eru nýttir undir markvissa fræðslu. Unnið er með





Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að tryggja að raddir barna heyrist, ásamt tæknifræðslu og námskeiðum um vinnu með börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Skólaárið 2026-2027 Vikulegt	Hringekja – leikskóli, grunnskóli og frístund í samvinnu einu sinni í viku.	Leikskóli - grunnskóli og frístundaheimili	Stjórnendur og kennarar.
Skólaárið 2026-2027 Vikulegt	Fótboltaæfingar elstu barnanna hjá Fram	Íþróttasal Fram sem einnig er nýttur undir íþróttatíma grunnskólans Dalskóla	
Skólaárið 2026-2027	Sögustundir í bókasafni Úlfarsárdal	Borgarbókasafnið Úlfarsárdal sem staðsett er í Dalskóla	Deildarstjórar
Febrúar	Öskudagur. Elstu börnin í leikskólanum taka þátt í öskudeginum með 1 -4 bekk í grunnskólanum.	Grunnskólinn Dalskóli	Stjórnendur og kennarar.
Maí	Kaffihús, elstu börn leikskólans og fyrsti bekkur grunnskólans	Matsalur grunnskólans	Stjórnendur og kennarar.
Júní og júlí	Heimsóknir elstu barnanna í frístund.	Frístundaheimilið Úlfabyggð.	Stjórnendur leikskólans og Úlfabyggðar.





7. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

- Boðið upp á kynningarfundir fyrir nýja foreldra á vori. Foreldraviðtöl tvisvar á ári. Auk þess sem við leggjum mikla áherslu á að foreldrar geti óskað eftir viðtali hvenær sem er
- Bónnda- og mæðradagskaffi haldið í kringum bóndadaginn í febrúar og mæðradaginn í maí líkt og venjan hefur verið hér í Dalskóla.
- Smiðjulok hafa verið höfð 4 sinnum á ári og hefur foreldrum boðist að koma við í lok dags og labba um með börnunum og sjá það starf sem fram hefur farið.
- Lögð verður áfram áhersla á góða samvinnu við foreldrafélagið og foreldraráð leikskólans.

Starfandi foreldráð er við leikskólann sem var kosið 17 september 2025. Stefnt er á að kjósa nýtt foreldraráð haustið 2026. Þá munum við boða til fundar og kjósa nýja aðila inn.

Í júní ár hvert er haldinn foreldrafundur fyrir foreldra þeirra barna sem hafa fengið úthlutað plássi í Dalskóla að hausti. Fundurinn hefur verið haldinn í hátíðarsal Dalskóla þar sem foreldrar hafa fengið kynningu á starfi Dalskóla og fá tækifæri til að skoða skólann, hitta deildarstjóra og spyrja spurninga sem upp koma.

Að hausti er foreldrum nýrra barna í Dalskóla boðið í fyrsta viðtal við deildarstjóra barnsins. Þar er farið yfir hagnýtar upplýsingar og deildarstjórar fá tækifæri til að kynna nýjum foreldrum.

Foreldraviðtöl eru bæði að hausti og vori. Í október verður foreldrum boðið að byrja að skrá sig í viðtal að hausti. Á vorönn, í mars, verður foreldrum boðið að byrja að skrá sig. Í byrjun maí verður foreldrum elstu barna boðið að skrá sig í viðtöl þar sem farið verður yfir skólaskilin yfir í grunnskóla. Auk þess höfum við í Dalskóla lagt mikla áherslu á að foreldrar geti óskað eftir viðtali hvenær sem er yfir skólaárið.

Foreldrafélagið Leikdalur er starfandi við Dalskóla og hefur verið mjög virkt í vetur og staðið fyrir ýmsum viðburðum. Aðalfundur var 20. maí 2026. Kosinn var nýr gjaldkeri og 2 nýir foreldrar bættust við í stjórn.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skiplagsdagar á skólaárinu 2026 – 2027 eru eftirfarandi:

- Miðvikudagurinn 30. september. Sameiginlegur starfsdagur leik og grunnskóla.
- Föstudagurinn 27. nóvember. Sameiginlegur starfsdagur leik og grunnskóla.
- Föstudagurinn 5. febrúar sameiginlegur starfsdagur leik og grunnskóla
- Þriðjudagurinn 27. apríl
- Miðvikudaginn 5. maí og föstudaginn 7. maí. Námsferð leikskólans.

Sameiginlegir skipulagsdagar leik og grunnskóla eru: 30. september, 27. nóvember, 5. febrúar, 27. apríl.





Leikskóladagatal 2026 - 2027

Mána leikskóla - Dalskóli - leikskólablaði

ÁGÁTT	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁJ	JÚNÍ
1. L	1. S	1. S	1. S	1. S	1. S	1. S	1. S	1. F	1. S	1. F
2. S	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. F	2. M	2. F
3. M	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. M	3. F	3. M
4. F	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. F	4. S	4. F
5. S	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. F	5. M	5. F
6. M	6. F	6. F	6. F	6. F	6. F	6. F	6. F	6. M	6. F	6. M
7. F	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. F	7. S	7. F
8. S	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. F	8. M	8. F
9. M	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. M	9. F	9. M
10. F	10. S	10. S	10. S	10. S	10. S	10. S	10. S	10. F	10. S	10. F
11. S	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. F	11. M	11. F
12. M	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. M	12. F	12. M
13. F	13. S	13. S	13. S	13. S	13. S	13. S	13. S	13. F	13. S	13. F
14. S	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. F	14. M	14. F
15. M	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. M	15. F	15. M
16. F	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. F	16. S	16. F
17. S	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. F	17. M	17. F
18. M	18. F	18. F	18. F	18. F	18. F	18. F	18. F	18. M	18. F	18. M
19. F	19. S	19. S	19. S	19. S	19. S	19. S	19. S	19. F	19. S	19. F
20. S	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. F	20. M	20. F
21. M	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. M	21. F	21. M
22. F	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S	22. F	22. S	22. F
23. S	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. F	23. M	23. F
24. M	24. F	24. F	24. F	24. F	24. F	24. F	24. F	24. M	24. F	24. M
25. F	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. F	25. S	25. F
26. S	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. F	26. M	26. F
27. M	27. F	27. F	27. F	27. F	27. F	27. F	27. F	27. M	27. F	27. M
28. F	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. S	28. F	28. S	28. F
29. S	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. F	29. M	29. F
30. M	30. F	30. F	30. F	30. F	30. F	30. F	30. F	30. M	30. F	30. M
31. F	31. S	31. S	31. S	31. S	31. S	31. S	31. S	31. F	31. S	31. F

Í reglum um leikskólajónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera 3 sama tíma og starfsdagar starfslíkur eða frídagar nemands í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólajónið tekur ekki vegna þessa. Starfsdagadagur í leikskólum eru tíu og gjöld laskuð vegna þessa. Foreldrar sem þurfa vistun þessa dags sækja sérstaklega um þá og greiða þá fyrir þá dags. Börn sem dreifa í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í zumsarvefi. Leikskólajónið ákveður, að höfuð samráði við starfsmenn og foreldraráð, viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur samráði eða loki samfellt í tju til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi tekið ákólajónendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hvarrásar við fjölskyldur í Reykjavík.



9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

9.1.1 Innra mat - Fífudalur og Mosadalur

Styrkleikar

Frjáls leikur og leikumhverfi

Börnin náðu dýpri leik, meiri áhersla á frjálsan leik.

Efnivið var raðað upp á aðgengilegan hátt – bjóðandi kveikjur í leik – virkaði vel og studdi vel við leikinn.

Í vetur höfum við verið að prófa okkur áfram í að skýra leikumhverfi barnanna og að hvert svæði hafi ákveðinn tilgang. Einnig með fyrirkomulag og ramma í kringum frjálsa leikinn.

Fundir í byrjun leiktíma með börnunum þar sem rætt er um hvað þau langi að gera, hvar þau langi til að vera og hvaða leikefni ætti að vera í boði.

Læsi og málörvun

Reglulegar málörvunarstundir þar sem krökkunum var skipt í smærri hópa eftir getu og náðu börnin að blómstra á sínum hraða.

Unnið með *Gefðu 10* aðferðina markvisst með þau sem þurftu auka hvatningu og stuðning í máli og tjáningu.

Notuðum *Orðaspjall* og að kryfja texta í lögum til þess að auka orðaforða barnanna.

HLJÓM2 gekk vel, við náðum að leggja það fyrir öll börn á elsta ári á haustmánuðum. Unnið var markvisst með niðurstöður og sýndu allir framfarir sem þurftu á íhlutun að halda.

Daglegar lestrarstundir hjá öllum hópum.

Rýnt var í söngtexta og sönglög nýtt til málörvunar. Reglulegar söngstundir og sönglög tengd við viðfangsefni í smiðjum.

Mikil málörvun í listasmiðju og þar gefast góð tækifæri til dýpri samræðna.

Reggio Emilia

Smiðjurnar okkar og listasmiðjan. Þar blómstra bæði börn og starfsfólk á öllum sviðum starfsins. Í lengri smiðjum sérstaklega fer starfið á flug.

Góðar og skemmtilegar vettvangsferðir, til dæmis á söfn, fyrirtæki og stofnanir.





Tækifæri

Frjáls leikur og leikumhverfi

Auka fræðslu til starfsfólks um umhverfið sem þriðja kennarann.

Starfsfólk sé meðvitað um leikumhverfi barnanna, passi upp á að leikefni sé á sínum stað, raði upp á bjóðandi hátt og skapi leikheim sem ýtir undir leik og kveikir hugmyndir hjá börnunum.

Auka opinn efnivið, til dæmis lausu hluta svæði.

Vinna í flæði og vinna saman sem ein heild upp á að styrkleikar hvers kennara nýtist að fullu.

Taka upp Demantaaðferðina til þess að börnin velji sjálf leikefnivið deildarinnar.

Finna skemmtilegar leiðir til að taka til og halda áfram að reyna að gera tiltektartíma að ánægjulegum stundum.

Læsi og málörvun

Nýta hæfniramma fyrir tvítyngd börn á markvissari hátt. Koma okkur upp verklagi með hann.

Bæta aðhald við börn sem njóta stuðnings og hafa sterkara stuðningsnet í kringum sérkennslu og stuðning, til dæmis reglulegir fundir með sérkennslustjóra.

Nýta rýmið okkar betur til að hafa málörvun og spilastundir í minni hópum.

Hafa samverustundir í minni hópum.

Virkja starfsfólk í daglegu spjalli við börnin og nýta fleiri stundir dags þannig til málörvunar, til dæmis matartíma, fataklefa og frjálsan leik.

Reggio Emilia

Auka lýðræði og að börnin hafi sterkari rödd á fleiri sviðum heldur en viðfangsefni smiðjanna.

Bæta umhverfi deildanna með það í huga að umhverfið sé þriðji kennarinn.

Auka lýðræðisleg samtöl og barnafundi.

Útfæra og setja upp hugmyndakassa á deildum þar sem börnin geta komið með hugmyndir fyrir starf skólans.





9.1.2 Innra mat – Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg

Styrkleikar

Á efri hæðinni eru smiðjurnar rauði þráðurinn. Þær gengu vel í vetur og voru ýmist sýndar með listaverkum upp á veggjum eða settar sem skráningar inn í ferilmöppur. Leitast var við að elta áhuga barnanna eftir að kennarar komu með kveikju og úr urðu skemmtilegar og fræðandi smiðjur.

Málörvun er ríkjandi alla daga allan daginn og er lögð rík áhersla á leik og starfi. Orð eru sett á allar athafnir og börn hvött til að tjá sig og nota íslensku. Markviss málörvun fyrir þau sem flokkast undir snemmtæka íhlutun. Áhersla á spil, söngtexta og þulur.

Hreyfistundir í sal voru vikulega þar sem settar voru upp þrautabrautir og grófhreyfingar æfðar.

Tækifæri

Nýta mannauðinn og gefa hverjum starfsmanni tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Leitast eftir að vinna í litlum hópum og gefa þannig öllum börnum rými og rödd.

Reggio Emilia

Auka lýðræði og að börnin hafi sterkari rödd á fleiri sviðum heldur en viðfangsefni smiðjanna.

Bæta umhverfi deildanna með það í huga að umhverfið sé þriðji kennarinn.

Auka lýðræðisleg samtöl og barnafundi.

Útfæra og setja upp hugmyndakassa á deildum þar sem börnin geta komið með hugmyndir fyrir starf skólans.

9.1.3 Innra mat – Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur

Styrkleikar

Í tengslum við Reggio Emilia er mikið unnið með upplifun og skynjun barnanna. Þau hafa gaman af því og þroskast mikið.

Samverustundir eru lestur, þulur, rím, söngur og Lubbi. Málörvun er áhersluatriði hjá okkur á neðri hæðinni. Öll börn fá jafn mikið svigrúm til að efla eigin málþroska.

Við leggjum mikla áherslu á frjálstan leik og leiðbeinum þeim þegar þess er þörf. Það fer fram nám í gegnum leik og börnin læra á samskipti sem er mikilvægt á svona ungum aldri.



Tækifæri

Það þarf að nýta mannauðinn betur með því að gefa starfsmönnum tækifæri til að leggja sitt af mörkum og blómstra í starfi. Það þarf að fara yfir leikefni á deildunum og passa að það henti ungum aldri. Það þarf að skipta dóti reglulega á milli deilda. Mikilvægt er að fá fræðslu fyrir starfsfólk um mikilvægi frjáls leiks og hvert hlutverk starfsfólks er í leik.

Reggio Emilia

Umhverfið sem þriðji kennarinn og opinn efniviður. Í anda Reggio Emilia á efniviðurinn að vera í barnahæð svo börnin geti sjálf valið hvað þau vilja rannsaka. Í stað þess að bjóða bara upp á tilbúin leikföng með einn ákveðinn tilgang, velja börnin hvernig þau nýta opinn efnivið (t.d. dósir, liti, rör eða náttúrulega hluti). Það eflir sjálfstæði þeirra og skapandi hugsun og að kennarinn sé meðvitaður um líkamstjáningu barnanna.

9.2 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

9.2.1 Umbótaáætlun Móa. Fífudalur og Mosadalur

Fífudalur og Mosadalur	Frjáls leikur og leikumhverfi
4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Umhverfið sem þriðji kennarinn Lýðræði barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að fá betri dýpt í leikinn og að börnin staldri lengur við í leikum. Auka fræðslu til starfsfólks um umhverfið sem þriðja kennarann, frjálsan leik barna og hlutverki starfsfólks í honum. Efla aðferðir til að börnin geti haft áhrif á leikumhverfi og leikefni
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda reglulegar kynningar á leik barna, Reggio Emilia hugarfarinu og umhverfinu sem þriðja kennaranum, t.d. á skipulagsdögum. Nýta demantaaðferðina til að kalla eftir mati barnanna og hugmyndum Barnafundir og lýðræðislegt samtal Auka opinn efnivið og tengja leikefni við þema smiðjanna.





	Ábyrgðarmenn leikumhverfis á deildum sem fá þá sérstakan stuðning frá verkefnastjóra Reggio Emilia
Ábyrgð	Stjórnendur og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – haust 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarfundum og viðtölum við börnin.
Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Kanna upplifun starfsfólks á vorönn á árangri fræðslu og áherslum á leikumhverfi barna Fundir ábyrgðarmanna og verkefnastjóra
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fundargerðir barnafunda – markmið að hafa a.m.k. einu sinni fyrir hverja smiðju. Inn á hvorri deild sé lítil listasmiðja, lausu hluta horn, hlutverkaleikur, einingakubbar og holukubbar. Starfsfólk kenni jákvæðan árangur á dýpt og lengd leiks barna

Fífudalur og Mosadalur	Læsi og málörvun
4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lestur fyrir börnin, fjölbreyttari og markvissari. Fjölbreyttari aðferðir til málörvunar í daglegu starfi. HLJÓM2 prófin lögð fyrir snemma og strax farið í íhlutun. Nýta betur hæfniramma fyrir tvítyngd börn. Meira aðhald við stuðning og sérkennslu.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Lestrar- og samverustundir í minni hópum. Nýta málörvun ekki bara í ákveðnum stundum heldur í öllu starfi. Virkja starfsfólk og fá fræðslu fyrir starfsfólk, til dæmis að hvetja til að sækja fræðslu MML. Nýta rýmið betur til málörvunar og spilastunda í minni hópum. Reglulegir fundir sérkennslustjóra með þeim sem sinna stuðningi og sérkennslu. Koma á verklagi að nýtingu hæfniramma tvítyngdra barna og samræma milli deildarstjóra





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Daglegar lestrar- eða sögustundir, orðaspjall, gefðu 10, málörvunarleikir.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2026 – sumar 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Nýta deildarfundi, skráningar og kanna orðaforða barna bæði fyrir og eftir áramót
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skimunartæki: TRAS, Hæfniramar, APES og HLJÓM2.

Fífudalur og Mosadalur	Reggio Emilia og Lýðræði
4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Styrkja okkur enn fremur í aðferðafræði Reggio Emilia Auka lýðræði barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að krakkarnir hafi rödd og finni að þau hafi eitthvað að segja um sína menntun. Auka fræðslu til starfsfólks um aðferðir í anda Reggio Emilia, t.d. námsferð starfsfólks til Glasgow vorið 2027 þar sem sótt verður fræðsla um skapandi efnivið, útikennslu og <i>Floorbook</i> aðferðina (sem svipar til smiðjuvinnunnar okkar)
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Auka lýðræði og að börnin hafi sterkari rödd á fleiri sviðum heldur en viðfangsefni smiðjanna. Bæta umhverfi deildanna með það í huga að umhverfið sé þriðji kennarinn. Auka lýðræðisleg samtöl og barnafundi.





	Útfæra og setja upp hugmyndakassa á deildum þar sem börnin geta komið með hugmyndir fyrir starf skólans. Kenna börnunum að nota hugmyndakassa.
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur, deildarstjórar og starfsfólk deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – Sumar 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulega á deildarfundum, rýna m.a. í smiðju/smiðjulok. Taka viðtöl við börnin fyrir og eftir áramót þar sem stuðst er við demantaaðferðina til að meta starfið.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Barnafundir á báðum deildum, a.m.k. einu sinni fyrir hverja smiðju, gera fundargerðir. Setja upp hugmyndakassa á deildir, markmið að nýta a.m.k. tvær hugmyndir þaðan á hvorri önn. Skráningar úr smiðjuvinnu og sýning á verkum barnanna á smiðjulokum. Á báðum deildum sé eitthvað sem minni á hinn skapandi þátt í starfinu okkar (sjá einnig viðmið um leikumhverfi)

9.2.2 Umbótaáætlun Dal – Álfabjörg, Vættabjörg og Tröllabjörg

Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg Leikur og leikumhverfi	
3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Halda áfram að skapa rými og tækifæri fyrir frjálsan leik.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Halda áfram að fræða starfsfólk um mikilvægi frjáls leiks og virkja það í leik með börnunum. Vera duglegri að nota nærumhverfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja ævintýraferðir inn í vikuskipulagið og gefa starfsfólki hlutverk í því verkefni og koma þannig í veg fyrir að ferðirnar detti upp fyrir.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefjast eftir að aðlögun líkur og fram að sumarlokun.





<p>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</p>	<p>Á skipulögðum deildarfundum – hvað gekk vel – hvað getum við gert betur.</p>
---	---

Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg Læsi og málörvun 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvunar stundir hafa dottið upp fyrir vegna mannekle þó málörvun í daglegu starfi hafi alltaf verið til staðar.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Halda áfram að gera okkar besta miðað við aðstæður og nýta hvert tækifæri sem gefst.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta leikinn og daglegt starf.
Ábyrgð	Deildarstjóri, sérkennslustjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefast eftir að aðlögun líkur og fram að sumarlokun.
<p>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</p>	Skimunartæki: EFI-2, TRAS, Hæfniramar, APES

Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg Reggio Emilia og lýðræði 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Halda áfram fræðslu til starfsfólks um hugmyndafræði leikskólans án þess að taka fyrir hendurnar á þeim. Gefa börnunum fleiri tækifæri til að hafa áhrif á það sem við erum að gera.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að hugmyndafræði Reggio Emilia verði ríkjandi í öllu starfi leikskólans. Að öll börn fái tækifæri til að hafa skoðanir þannig að rödd allra heyrist.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að í upphafi skólaárs sé hugmyndafræðin rædd á starfsdegi/deildafundi og sérstaklega kynnt nýju starfsfólki.
Ábyrgð	Skólastjórnendur, deildastjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með skráningum og smiðjulokum.

9.2.3 Umbótaáætlun Dal – Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur

Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur 1-3 ára	Frjáls leikur og leikumhverfi
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Halda áfram að skapa rými og tækifæri fyrir frjálsan leik.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að fræða starfsfólk um mikilvægi frjáls leiks og virkja það í leik með börnunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Efla fræðslu og fá betri efnivið.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk á deildum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst eftir að aðlögun líkur og fram að sumarlokun.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á reglulegum deildarfundum þar sem starfsfólk getur rætt hvernig gengur og hvað má bæta.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Sjáum líðan barna á deildum og upplifun starfsfólks.





Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur 1-3 ára	Læsi og málörvun
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samverur ganga vel. Við þurfum að bæta Lubbastundir.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa Lubbatákn vikunnar sem markvisst er unnið með. Bætum í Lubbakassann. Fá plakat af Íslandi þar sem hægt er að fylgjast með ferðalagi Lubba um landið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samvinna deildarstjóra á deildum á neðri hæð og stjórnenda.
Ábyrgð	Deildarstjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þegar aðlögun lýkur og út leikskólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat eftir veturinn um hvernig hefur tekist, hvort áætlun hafi staðist á fundum með starfsfólki.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin meðtóku það sem fram fór í Lubbastundum sem sést í leik og starfi.

Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur 1-3 ára	Reggio Emilia og Lýðræði
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar og listasmiðja hafa dottið upp fyrir vegna manneklu og starfsmannabreytinga. Það þarf að bæta skipulag.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fullbúnar smiðjur eru til taks þegar þær hefjast. Starfsfólk hjálpast að og eru samstíga í ferlinu.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Undirbúningur og skipulag. Starfsdagur sem einblínir á að skipuleggja starfið fyrir veturinn. Fá aðstoð frá verkefnastjóra myndlistar.
Ábyrgð	Deildarstjórar og stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi leikskólaárs og lýkur fyrir sumarfrí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fullbúnar skráningar í möppum barnanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Proski og sjálfsöryggi barnanna.

F. h. leikskólans .

Sólveig Þórarinsdóttir

31.05.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





9.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Karólína Guðmundsdóttir
Iðunn Pála Guðjónsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráðið í Dalskóla 2026-2027 er ánægt með starf leikskólans í vetur. Unnið er að hugmyndafræði Reggio Emilia og er greinilegt að starfið er vel skipulagt og að þeim er annt um að leikskólastarfið sé bæði faglegt og skemmtilegt. Margt gekk upp eftir áætlun og endurmati sem var í síðustu umbótaráætlun. Í vetur var lögð mikil áhersla á smiðjurnar sem börnin höfðu gaman að og sást í könnun sem var gerð í vetur að smiðjurnar voru eitt af uppáhalds verkefnum þeirra.

Lagt er upp með að lýðræðisleg vinnubrögð barnanna sé ríkjandi og börnin fái að njóta virkar þátttöku bæði í leik og námi. Það gleður ráðið að heyra að það sé lagt upp með að mikil tengsl séu milli grunnskólans og leikskólans þrátt fyrir aðskilnaðinn í haust. 6. bekkur kom reglulega til að lesa fyrir 4-5 ára börnin og kom til þess að leika við börnin á meðan þau voru í útiveru. Boðið er upp á leiklistarfag í unglingadeildinni í Dalskóla sem hélt sýningar fyrir leikskólabörnin í vetur. Eins er frábært að heyra að það sé gætt upp á að það séu góð tengsl milli 4 ára barnanna sem eru í Móa og Dal þar sem þessi börn munu koma til með að vera bekkjarfélagar þegar þau byrja í grunnskóla. Farið var tvisvar í viku í heimsókn með börnin upp í Móa í tónlistartíma og svo var farið í ferðir saman óháð því hvort þau væru í Dal eða í Móa.

Leikskólakennarar nota mikið rýmið og umhverfið í kennslu og gæta þess að stuðla að málörvun barnanna og sér í lagi þeirra sem eiga erfitt með málið. Starfsfólkið er að mestu ánægt með að vinna í Dalskóla en hefur gagnrýnt að vinnuaðstaðan þeirra er ekki nógu góð. Tölvuskjáir eru orðnir lélegir og það er ekki nógu gott rými fyrir það þegar það er í undirbúningi. Eins hefur það bent á að það sé leiðinlegt að vera ekki með betri tengingu við starfsfólkið sem vinnur í hinu húsinu. Eitthvað hefur verið um manneklu í vetur þar sem listasmiðjur og málörvunartímar hafa fallið niður og vilja kennarar að næsta haust verði listasmiðjurnar tilbúnar svo ekki þurfi að fella þær niður þótt það verði veikindi hjá starfsfólki. Foreldraráðið vonar að hægt verði að bæta aðstöðu starfsfólks þar sem hún bætir vinnugleði og vellíðan.

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, þær gera það.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já hún er mjög aðgengileg og auðlesanleg. Hún er vel uppsett og þægilegt að lesa hana.





Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já hún gefur mjög góða innsýn inn í starfið fyrir foreldra og hverjar áherslurnar eru fyrir næsta skólaár.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei. Hún er mjög vel unnin og augljóst að starfsfólk Dalskóla hefur unnið gott starf í vetur. Það er með góða sýn á hvernig þau vilja bæta starfið næsta vetur svo allir geti notið sín.

Fulltrúar í foreldraráði:

Karólína Þórunn Guðnadóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Karólína Þórunn Guðnadóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



